

## Fundargerð

### 225. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 31. maí 2016 kl. 12<sup>15</sup>–14<sup>00</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Guðfinnur Johnsen (GJ) (fjarverandi)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)  
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðast fundar
- (2) Raftækjaúrgangur
- (3) Heyrúlluplast
- (4) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (224. fundar).

*Samþykkt*

#### 2. Raftækjaúrgangur

Framhaldið var umræðum stjórnar frá síðasta fundi (nr. 224) um erindi Sorpu og Efnamóttökunnar, sem lagt fram á fundinum, um hækkun endurgjalds vegna raftækjaúrgangs. Einnig var bréf UAR um málið lagt fram á ný sem fyrst var lagt fram á fundi stjórnar nr. 222, haldinn 26. apríl 2016. Lagt var fram á ný á fundinum bréf frá BGH og LG, dagsett 19.5.2016, til stjórnarformanns Úrvinnslusjóðs, GGÞ, um breytingar á endurgjaldi Úrvinnslusjóðs til sveitarfélaga vegna meðhöndlunar raftækjaúrgangs.

ÓK var falið á síðasta fundi stjórnar að fara yfir forsendur útboðs Sorpu bs. vegna geymslu og flutnings á rr-úrgangi frá endurvinnslustöðvum félagsins til frekari meðhöndlunar hjá þjónustuaðilum. ÓK fór yfir helstu atriði er varða útboðsleið Sorpu. ÓK fór yfir þróun endursöluverðs á brotamálmi á heimsmarkaði og horfði til upplýsinga er koma frá Metal Bulletin. Verð hefur farið hækkandi eftir að hafa náð botni í nóvember 2015. Verð er svipað nú og var í september 2015.

*Stjórn samþykkir að greiða þjónustuaðila fyrir flutning innan svæðis og gámaleigu, kælitæki 15,84 kr/kg, skjái 9:41kr/kg, perur 17,15 kr/kg, stór raftæki 9,72 kr/kg, lítil raftæki 17,15 kr/kg, UT tæki 17,15 kr/kg. Meðaltalsgreiðsla verður 11,77 kr/kg og hækkar úr 7 kr/kg. HÞH situr hjá við afgreiðslu þessa liðar*

*Stjórn samþykkir óbreytt gjald vegna aðstöðusköpunar og umsýslu rr-úrgangs eða 1.50 kr/kg. er það í samræmi við túlkun UAR fyrir greiðslu á stofnkostnaði við móttöku rr-úrgangs. LG situr hjá við afgreiðslu þessa liðar.*

*Stjórn telur ekki þörf á hækkun endurgjalds til þjónustuaðila vegna verðlækkunar á heimsmarkaði á brotamálmi umfram þær hækkanir sem áður hafa verið gerðar. LG situr hjá við afgreiðslu þessa liðar.*

Minnt var á að stjórn ætlar sér með reglubundnum hætti að líta til endursöluverðs málma á heimsmarkaði í það minnsta tvisvar á ári.

### **3. Heyrúlluplast**

Framhaldið var umræðum frá síðasta stjórnarfundum (nr. 224) um meðhöndlun á heyrúlluplasti á starfssvæði Íslenska gámafélagsins.

Umræða frestað.

### **4. Önnur mál**

Fundardagar fram að sumarfrí og fyrsti fundur eftir frí.

Næsti fundur ákveðinn 5. júlí 2016.

Fundi slitið kl 14:00